



20. apríl 2021

Aðgerðir til að bæta aðgengi fyrir alla á strætóstöðvum 2021

Óskað er heimildar skipulags- og samgönguráðs fyrir áframhaldandi undirbúning, verkhönnun og gerð útboðsgagna fyrir lagfæringar á aðgengi fyrir alla á eftirfarandi strætóstöðvum:

- | | |
|---|--|
| • Skeljanes (nr. 90000200) | • Krókháls v. Öskju (nr. 90000842) |
| • Laugarnesvegur v. Kirkjusand (nr. 90000184) | • Strandvegur v. Rimaflöt (nr. 90000463) |
| • Flókagata v. Kjarvalsstaði (nr. 90000263) | • Biskupsgata (nr. 90000527) |
| • Borgartún v. Nóatún (nr. 90000780) | • Lambhagavegur v. Mímisbrunn (nr. 90000763) |
| • Rangársel (nr. 90000071) | • Fellsvegur (nr. 90000650) |
| • Rangársel (nr. 90000072) | • Fellsvegur (nr. 90000657) |
| • Jaðarsel v. Holtasel (nr. 90000428) | • Mímisbrunnur v. Úlfarsbraut (nr. 90000753) |
| • Jaðarsel v. Holtasel (nr. 90000513) | • Mímisbrunnur v. Úlfarsbraut (nr. 90000779) |
| • Selásbraut v. Næfurás (nr. 90000404) | |
| • Selásbraut v. Næfurás (nr. 90000412) | |

Lýsing á fyrirhuguðum aðgerðum á hverjum stað eru á næstu síðu. Í flestum tilfellum er um að ræða endurnýjun á kantsteini þannig að hann sé í réttri hæð, yfirborði við biðstöð og gerð leiðar- og varúðarlína. Á einum stað, Flókagötu, er gert ráð fyrir að fjarlægð verði 2 bílastæði.

Greinargerð

Á síðasta ári var gerð úttekt á aðgengi fyrir alla við strætóstöðvar í Reykjavík. Úttektin var kynnt fyrir skipulags- og samgönguráði 11. nóvember 2020. Í kjölfar úttektarinnar var unnin nánari greining á stöðvunum og lagfæringum á strætóstöðvum forgangsraðað eftir ástandi og notkun að teknu tilliti til kostnaðar.

Í heild eru 556 strætóstöðvar í Reykjavík í dag. Hér er óskað heimildar til að halda áfram undirbúningi lagfæringa á 18 strætóstöðvum af þeim 350 sem þarfnast lagfæringa. Ekki er gert ráð fyrir að fara í lagfæringar á þeim stöðvum sem sem fyrirhugað er að detti út/færast í nýju leiðarneti Strætó eða verða endurgerðar í tengslum við uppbyggingu fyrsta áfanga Borgarlínu, sem saman eru 206 stöðvar.

Áætlað er að framkvæmdir hefjist í ár og að heildarkostnaður framkvæmda ársins sé um 40 milljónir kr.

Fyrir hönd skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar

Bjarni Rúnar Ingvarsson

Ráðgjafaverkfræðingur



SKELJANES
Stöð nr. 90000200



HELSTU ENDURBÆTUR (kostnaðarmetið)

- Gagngerar endurbætur á strætóstöð og nærumhverfi. Strætóstöð flutt til að tengjast betur núv. stígakerfi.
- Nýtt skýli með bekk, tímatóflustaur og ruslafötu. Nýtt hellulagt yfirborð, leiðnihellur og kansteinn í réttri hæð og lengd.
- Nýr malbikaður stígur og endurbætt stétt að stöð tengir stræto og núv. stíga nú mun betur.

FLÓKAGATA v/KJARVALSSTAÐI
Stöð nr. 90000263



HELSTU ENDURBÆTUR (kostnaðarmetið)

- Verulegar endurbætur, m.a. til að auka öryggi vegfarenda: Stöð hliðruð til og útbúið gott rými (bílastæði í götu fellt niður).
- Kantsteinn endurnýjaður og settur í rétta hæð og lengd. Hellulagt yfirborð endurnýjað og stækkað.
- Leiðnihellur. Bekkur og tímatóflustaur.

LAUGARNESVEGUR v. KIRKJUSAND
Stöð nr. 90000184



HELSTU ENDURBÆTUR (kostnaðarmetið)

- Gagngerar endurbætur á svæði; sett er upp nýtt strætósvæði með rúmgóðu steypu yfirborði, nýjum kansteini (í réttri hæð), bættum stígatengslum, niðurtektum og leiðnihellum.
- Þá eru einnig settar leiðnihellur í yfirborð strætóstöðvar á mót.

BORGARTÚN
Stöð nr. 90000780



HELSTU ENDURBÆTUR (kostnaðarmetið)

- Bekkur.
- Tímatóflustaur settur í rétta hæð.



RANGÁRSEL
Stöð nr. 90000071



HELSTU ENDRUBÆTUR (kostnaðarmetið)

- Gagngerar endurbætur á tveimur strætóstöðvum (sjá neðangreint).
- Kantsteinn endurnýjaður og settur í rétta hæð og lengd. Steypt yfirborð endurnýjað.
- Leiðnihellur og niðurtæktir. Yfirborð með leiðnihellum. Nýtt skýli - með bekk - o.fl.

RANGÁRSEL
Stöð nr. 90000072



HELSTU ENDRUBÆTUR (kostnaðarmetið)

- Gagngerar endurbætur á tveimur strætóstöðvum (sjá ofangreint).
- Kantsteinn endurnýjaður og settur í rétta hæð og lengd. Steypt yfirborð endurnýjað.
- Leiðnihellur og niðurtæktir. Yfirborð með leiðnihellum. Nýtt skýli - með bekk - o.fl.

JADARSEL v/HOLTASEL
Stöð nr. 9000428



HELSTU ENDRUBÆTUR (kostnaðarmetið)

- Kansteinn brotinn upp og settur í "réttu hæð og lengd".
- St.stétt brotinn upp og endurnýjuð.
- Bekkur, tímatöflustaur og leiðnihellur.

JADARSEL v/HOLTASEL
Stöð nr. 90000513



HELSTU ENDRUBÆTUR (kostnaðarmetið)

- Kansteinn brotinn upp og settur í "réttu hæð og lengd". Óæskileir kantar fjarlægðir.
- Strætóskýli - með bekk - endurnýjað og nærumhverfi þess.
- Leiðnihellur settar í yfirborð.

SELÁSBRAUT v/NÆFURÁS
Stöð nr. 90000404



HELSTU ENDURBÆTUR (kostnaðarmetið)

- Kansteinn brotinn upp og settur í "réttu hæð og lengd". St. stétt brotinn upp og endurnýjuð.
- Núv. grassræma tekinn upp og nýtt hellulagt svæði útbúið meðfram kansteini.
- Bekkur og leiðihellur.

SELÁSBRAUT v/NÆFURÁS
Stöð nr. 90000412



HELSTU ENDURBÆTUR (kostnaðarmetið)

- Kansteinn brotinn upp og settur í "réttu hæð og lengd".
- Strætóskýli - með bekk - endurnýjað og nýtt hellulagt svæði útbúið.
- Leiðihellur settar í yfirborð.

KRÓKHÁLS, ASKJA
Stöð nr. 90000842



HELSTU ENDURBÆTUR (kostnaðarmetið)

- Kansteinn brotinn upp og settur í "réttu hæð og lengd".
- Núv. grassræma tekinn upp og nýtt hellulagt svæði útbúið meðfram kansteini.
- Bekkur, timatöflustaur og leiðihellur.

STRANDVEGUR v/RÍMAFLÖT
Stöð nr. 90000463



HELSTU ENDURBÆTUR (kostnaðarmetið)

- Nýr kantsteinn lagður í "réttu hæð og lengd". Nýtt hellulagt svæði útbúið meðfram kansteini.
- Bekkur, timatöflustaur og leiðihellur í yfirborði.
- Bætt stigatengsl (hellulögn) að stöð frá núv. stig.



BISKUPSGATA
Stöð nr. 90000527



HELSTU ENDURBÆTUR (kostnaðarmetið)

- Kansteinn brotinn upp og settur í "réttu hæð og lengd".
- Núv. grassræma tekin upp og nýtt hellulagt svæði útbúið meðfram kansteini.
- Bekkur, tímátöflustaur og leiðnihellur.

LAMBHAGAVEGUR / MÍMISBRUNNUR
Stöð nr. 90000763



HELSTU ENDURBÆTUR (kostnaðarmetið)

- Kansteinn brotinn upp og settur í "réttu hæð og lengd".
- Núv. grassræma tekin upp og nýtt hellulagt svæði útbúið meðfram kansteini.
- Bekkur, tímátöflustaur og leiðnihellur.

FELLSVEGUR
Stöð nr. 90000657



HELSTU ENDURBÆTUR (kostnaðarmetið)

- Gagngera endurbætur á tveimur strætóstöðvum (sjá neðangreint).
- Hellulagt yfirborð með leiðnihellum. Bekkir settir upp og tímátöflustaurar endurbættir.
- Stigatengsl bætt að stöðvum - og þar með umferðaröryggi -, m.a. með þverun milli stöðva með nýrri miðeyju.

FELLSVEGUR
Stöð nr. 90000650



HELSTU ENDURBÆTUR (kostnaðarmetið)

- Endurbættar metnar heildrænt fyrir hverfið með stöð nr. 90000657. Sjá ofangreint.



MÍMISBRUNNUR v/ÚLFARSBRAUT
Stöð nr. 90000753



HELSTU ENDURBÆTUR (kostnaðarmetið)

- Steypt stétt brotinn upp á kafla og endurnýjuð.
- Nýtt hellulagt yfirborð fyrir nýtt skýli með bekk, tímátöflustaur og ruslafötu.
- Leiðnihellur settar í yfirborð.


MÍMISBRUNNUR v/ÚLFARSBRAUT
Stöð nr. 90000779



HELSTU ENDURBÆTUR (kostnaðarmetið)

- Verulegar endurbætur á núv. aðstæðum: Nýtt hellulagt svæði með bekk og tímátöflustaur.
- Leiðnihellur.
- Tillögur að frágangi fláa - til að koma í veg fyrir grjóthrun lagðar fram í kostnaðarmati.





STRÆTÓSTÖÐVAR Í REYKJAVÍK

KORT YFIR AÐGERÐIR TIL AÐ BÆTA
AÐGENGI FYRIR ALLA AÐ OG VIÐ
STRÆTÓSTÖÐVAR 2021

SKÝRINGAR
STRÆTÓSTÖÐVAR

● LAGFÆRINGAR Á AÐGENGI FYRIR ALLA 2021